# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna aukinna heimilda til íbúðauppbyggingar á bæjarhlöðum.**

Skipulagsstofnun staðfesti 19. desember 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. september 2023.

Í breytingunni felst að heimildir til íbúðauppbyggingar á bæjarhlöðum landbúnaðarsvæða tengdum ferðaþjónustu eru rýmkaðar. Uppbyggingin skuli samræmast byggðamynstri, mynda eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur auk þess sem leitast verði við að samnýta vegi og veitukerfi eftir því sem kostur er.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. desember 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. janúar 2024